

9

7. gr.

29. jan.

Hafi eigi spurst til skips eða skipshafnar í fulla 6 mánuði, skal álíta að hún hafi druknað, þegar eftir að síðast spurðist til hennar.

8. gr.

Ársreikningur félagsins skal endurskoðast af manni, er landstjórnin nefnir til, og hún úrskurðar og kvittar fyrir reikninginn.

Í stjórnarráði Íslands, 29. jan. 1910.

**Björn Jónsson.**

---

*Jón Hermannsson.*

10

5 febr.

## Reglugjörð

um breyting á fjárskilareglugjörð fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár  
(Ölfusár) í Árnassýslu 5. ágúst 1902.

61. gr. 1. liður orðist þannig:

Úrgangsfé úr aðalrétt Hrunamannahrepps lætur hreppsnefnd þess hrepps að afloknum réttum selja samdægurs.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnassýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júlí 1910.

Í stjórnarráði Íslands, 5. febrúar 1910.

**Björn Jónsson.**

---

*Jón Hermannsson.*